

Reglur um heimgreiðslur barna .

Greiðslurnar eru fyrir börn sem eru orðin 18 mánaða og sem hafa ekki fengið úthlutað leikskólalássi. Ísafjarðarbær miðar við og leggur áherslu á að öll 18 mánaða börn fái úthlutað leikskólalássi. Greiðslur falla niður um leið og barn hefur leikskólagöngu eða hafnar leikskólalássi.

Einstæðir foreldrar eiga rétt á heimgreiðslu þegar barnið nær 9 mánaða aldri.

Upphæð heimgreiðslu er 55.350.- Tekið er mið af niðurgreiðslu dagforeldra í heimhúsum. Heimgreiðslur fást að hámarki greiddar í 11 mánuði á ári. Í júlí mánuði eru ekki greiddar heimgreiðslur.

Heimgreiðsla er bundin því að barn sé með lögheimili í Ísafjarðarbæ. Við flutning úr sveitarfélaginu falla heimgreiðslur niður frá og með sama degi.

Sækja skal um heimgreiðslur á rafrænn Ísafjörður inni á isafjordur.is. Umsókn er aldrei afturvirk. Heimgreiðslur eru veittar frá næstu mánaðarmótum eftir að sótt er um.

Til að umsókn sé tekin gild þá verður að liggja inni umsókn um dagvistarúrræði fyrir barnið, hjá skóla- og tómstundasviði Ísafjarðarbæjar.

Verði um ofgreiðslu að ræða á heimgreiðslum áskilur Ísafjarðarbær sér rétt til endurgreiðslu.

Foreldrar sem skulda eldri gjöld hjá Ísafjarðarbæ fá ekki greitt út samþykktar heimgreiðslur fyrr en skuldin er að full greidd við sveitarfélagið.

Samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar

28. maí 2020.